

**Ed.**

**990. Nefndarálit**

**[430. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Fyrsti minni hl. landbúnaðarnefndar er hlynntur breytingum á „búvörulögunum“ til þeirrar áttar sem lagt er til í nál. meiri hl. en telur þær ganga of skammt.

Sex þingmenn Alþýðubandalagsins hafa flutt tillögu til þingsályktunar þar sem lagðar eru til ýmsar aðgerðir í landbúnaðarmálum, þar með talið að lengja aðlögunartímann, þ.e. gildistíma ákvæða VIII. kafla um aðlögun búvöruframleiðslunnar um fimm ár.

Í samræmi við þetta munu þingmenn flokksins í efri deild flytja breytingartillögur á sérstöku þskj. þar sem lagt er til að ákvæði 36. og 37. gr. um greiðslur úflutningsbóta og framlög til Framleiðnisjóðs gildi til ársins 1995. Það er auk þess stefna Alþýðubandalagsins

að því fé, sem skv. 37. gr. laganna á að renna til Framleiðnisjóðs, eigi eingöngu að verja til hvetjandi aðgerða og til eflingar byggðar í sveitum. Fjárskuldbindingar af því tagi sem lagðar voru á sjóðinn s.l. ár ganga þvert gegn því að það fé Framleiðnisjóðs eigi á aðlögunartímanum að renna til uppbyggingar. Þar var Framleiðnisjóður notaður handahófskennt til að kaupa upp framleiðslurétt jarða og auk þess að taka að hluta til verðabýrgð á samningum ríkisvaldsins við bændur. Til að fyrirbyggja að slíkt gerist áfram flytja þingmenn Alþýðubandalagsins breytingartillögur við ákvæði 37. gr. sem kveða skýrar á en áður var um það hvernig fara skuli með fé Framleiðnisjóðs.

Alþýðubandalagið mótmælti á sínum tíma þeim vinnubrögðum sem voru viðhöfð þegar „búvörulögin“ voru sett sumarið 1985. Það hefur síðan margoft komið í ljós og er sérstaklega viðurkennt með þeim breytingum sem nú á að gera að æskilegt hefði verið að vanda betur til þeirrar lagasetningar og stefnumörkunar í landbúnaðarmálum.

Tillaga Alþýðubandalagsins er sú að komið verði á fót starfsnefnd til að endurskoða lögin um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og leggja tillögur um nýja og heilsteypa stefnumörkun um skipan landbúnaðarmálanna til langs tíma fyrir næsta Alþingi. Því flytja þingmenn Alþýðubandalagsins tillögu um ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun laganna.

Nefndarálit 1. minni hl. landbúnaðarnefnda neðri og efri deilda frá því við afgreiðslu laganna vorið 1985 er hér birt með sem fylgiskjal, svo og tillaga þingmanna Alþýðubandalagsins um aðgerðir í landbúnaðarmálum sem liggur fyrir yfirstandandi þingi.

Alþingi, 17. mars 1987.

Skúli Alexandersson.

### Fylgiskjal I.

#### **Nefndarálit 1. minni hl. landbúnaðarnefndar (Steingríms J. Sigfússonar) um frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 11. júní 1985.**

Nefndin hefur á allmörgum fundum fengið talsmenn ýmissa hagsmunaaðila til viðræðna um frv. Of langt mál yrði að vitna til alls sem þar hefur komið fram en í fáum orðum sagt hafa flestir, sem fyrir nefndina hafa komið, lagst gegn því að frv. yrði afgreitt á þessu þingi. Þá hefur málsmedferðin ekki síður verið gagnrýnd en frv. sjálft og það talinn slæmur kostur að samþykkja svo mikilsvert mál sem þetta án þess að hagsmunaaðilum gefist betra tóm til að kynna sér málið og koma athugasemduin sínum á framfæri. Sérstök ástæða er að vekja athygli á því að bændum, sem þó eiga að lifa og starfa — og nánast eiga allt sitt undir þessari löggjöf, — er nú fyrst að berast frv. í hendur um það leyti sem stjórnarliðar vilja taka málið til afgreiðslu. Hið sama á auðvitað við um ýmsa hagsmunaaðila, ekki síst neytendur. Því að hér er einnig mikið í húfi fyrir þá.

Meiri hl. nefndarinnar hafnaði óskum um að senda málið til umsagnar og var borið við tímaskorti. Það er því ljóst að þrátt fyrir góða viðleitni nefndarinnar er ýmislegt enn óljóst um innihald frv. og áhrif af samþykkt þess.

Af fjölmörgum atriðum, sem þar koma til, skulu hér aðeins nefnd eftirfarandi:

1. Að því er best verður séð hefur fjármagn engan veginn verið tryggt með fullnægjandi hætti til þess að ákvæði VI. kafla um greiðslu afurðaverðs fái staðist. Frá upphafi virðist því hætta á að þau ákvæði verði dauður bókstafur auk þess — sem er öllu alvarlegra — að þær vonir, sem þau gætu vakið hjá bændum, yrðu falsvonir.

Á síðasta fund nefndarinnar, þar sem málið var til umfjöllunar, komu bankastjórar þeirra þriggja viðskiptabanka sem mest afurðalánviðskipti hafa við landbúnaðinn og bar þeim öllum saman um að bankarnir hefðu enga möguleika til að taka á sig útgjöld til að flýta greiðslum afurðaverðs til bænda eins og frv. gerir ráð fyrir.

2. Með samþykkt þessa frv. tekst ekki, nema síður sé, að koma á þeirri sátt milli framleiðenda og neytenda sem nauðsynlegt og skylt er að leita eftir við lagasetningu sem þessa.
3. Engir þjóðhagslegir útreikningar hafa farið fram á áhrifum af samþykkt frv. og þeim miklu breytingum sem það gæti að líkindum haft í för með sér. Hér er sérstaklega átt við þann mikla samdrátt sem frv. virðist gera ráð fyrir að verði í sauðfjárbúskapnum og þau margvíslegu áhrif á allt mannlíf og athafnalíf út um landið sem slíkt mun óhjákvæmilega hafa í för með sér.
4. Frv. þessu fylgir engin stefnumörkun um niðurgreiðslur, eða niðurgreiðslustig, búvara sem þó verður að telja óaðskiljanlegan hluta af stefnumörkun í framleiðslu og sölumálum landbúnaðarins.
5. Fjölmörg ákvæði frv. eru óljós og lítt eða ekki skýrð. Nefna má ákvæði um verðlagningarkerfi búvara, verðábyrgð, framleiðslustjórn, samdrátt hefðbundinnar búvöruframleiðslu o. fl.
6. Ekkert samkomulag lá fyrir í nefndinni um frv. eða brtt. við það og enginn meiri hl. hafði myndast þegar frv., að ósk stjórnarþingsmanns, var afgreitt úr nefndinni.

Með vísan til ofanritaðs er undirritaður andvígur því að frv. þetta verði nú samþykkt en leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að skipa nefnd fulltrúa allra stjórnsmálaflokka sem vinni að nýju frv. og kynningu þess í samráði við fulltrúa helstu hagsmunaaðila. Nýtt frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölumál landbúnaðarins verði svo lagt fyrir á næsta Alþingi svo fljótt sem við verður komið.

## **Fylgiskjal II.**

### **Nefndarálit 1. minni hl. landbúnaðarnefndar (Helga Seljan) um frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, 19. júní 1985.**

Landbúnaðarnefnd efri deildar hefur ekki gefist mikill tími til þess að gaumgæfa þetta mál eða eiga viðræður að gagni við þá mörgu hagsmunaaðila er þetta mál snertir. Veldur þar **mestu um sú vinnutilhögun landbúnaðarnefndar neðri deildar að hafa í engu samráð um meðferð frv. við nefnd efri deildar.**

Frv. hefði, svo viðamikilið sem það er, þurft mjög nákvæma athugun, ítarlega kynningu og umræðu í þjóðfélaginu, ekki sist meðal bænda, þar sem það fjallar um flest veigamestu atriðin í lífskilyrðum þeirra og framtíðarstöðu.

Mörg atriði frv. eru óljós og erfitt að gera sér grein fyrir áhrifum þeirra í framkvæmd. Til þess hefði þurft nánari athugun, frekari upplýsingar og betri kynningu málsins.

Með þessu frv. tekst alls ekki að nálgast þá nauðsynlegu sátt sem þarf að takast sem allra best milli framleiðenda og neytenda sem eiga hér sameiginlegra hagsmuna að gæta. Sú sátt er þjóðarnauðsyn, en hún kostar mikla vinnu sem því miður hefur ekki verið lögð í þetta frv.

Enn skortir allar tryggingar fyrir því að öruggt sé um greiðslu afurðaverðs til bænda eins og frv. gefur svo fögur fyrirheit um, sbr. VI. kafla frv.

Ekkert liggur fyrir um líkleg áhrif þessa frv. á byggð og búsetu í landinu. Engir þjóðhagslegir útreikningar á áhrifum frv. liggja fyrir.

Alþt. 1986. A. (109. löggjafarþing).

257

Óskýrð eru að mestu ákvæði frv. um verðlagningarkerfi búvara (þrefalt kerfi), verðábyrgð, framleiðslustjórn eða samdrátt hefðbundinnar búvöruframleiðslu. Alls staðar virðist vera látið skeika að sköpuðu.

Undirritaður er algerlega andvígur hraðafgreiðslu þessa frv. nú og leggur til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** og henni falið að skipa nefnd allra stjórnmalaflokka sem vinni að nýju frv. og kynningu þess í samráði við fulltrúa helstu hagsmunaaðila. Nýtt frv. þess eðlis verði svo lagt fyrir á næsta Alþingi svo fljótt sem við verður komið.

### Fylgiskjal III.

#### **Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir í landbúnaðarmálum.**

Flm.: Ragnar Arnalds, Hjörleifur Guttormsson, Skúli Alexandersson, Steingrímur J. Sigfússon, Svavar Gestsson, Helgi Seljan.

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að marka skýra stefnu í framleiðslu- og sölumálum landbúnaðar og felur ríkisstjórn og landbúnaðarráðuneyti að beita sér fyrir eftirtöldum aðgerðum:

Lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 46/1985, verði tekin til endurskoðunar. Aðlögunartími laganna verði lengdur um fimm ár og útflutningsbótarétti breytt í samræmi við það.

Langtímastefna í landbúnaðarmálum verði miðuð við landkosti, framleiðsluáætlanir og búvörusamninga er gerðir verði til fimm ára svo að dregið sé úr þeirri óvissu sem bændur búa nú við um afkomu sína og framtíð.

Sérstök áhersla verði lögð á nýja atvinnumöguleika í sveitum og nýjar búgreinar á grundvelli svæðaskipulags fyrir byggðirnar. Ráðgjafarþjónusta og önnur fræðslustarfsemi fyrir bændur verði stóraukið og stuðlað sem mest að heimaöflun aðfanga í búrekstri.

Starfsemi Framleiðnisjóðs verði endurskoðuð og sjóðnum mörkuð stefna sem miðar að eflingu byggðar í sveitum frekar en að fækkun bænda. Stuðla ber að búháttabreytingum og nauðsynlegum kynslóðaskiptum með eflingu Jarðasjóðs og Lífeyrissjóðs bænda og verði bændum gert kleift að taka lífeyri við 65 ára aldur eftir 30 ára búskap. Frekar en að grísjá byggð á tilviljunarkenndan hátt ber að auðvelda bændum á jörðum sem verr eru fallnar til búskapar að breyta búskaparháttum til samræmis við aðstæður eða að flytja sig yfir á jarðir með betri búskaparstöðu. Í þessu skyni verði úttekt gerð á aðstöðu til búrekstrar um land allt. Jafnframt þarf að meta áhrif framleiðslusamdráttar í landbúnaði á atvinnulíf í þéttbýli víðs vegar um land.

Stuðla ber að hóflegu verði á íslenskum landbúnaðarafurðum innan lands með því að tryggja sem jafnast niðurgreiðslustig er verði ekki lægra en verið hefur að meðaltali seinustu tíu árin. Markvisst verði unnið að því að lækka vinnslu- og dreifingarkostnað en úrvinnslu verði sem mest haldið á framleiðslusvæðunum. Söluskattur, virðisaukaskattur eða önnur tegund veltuskatts verði ekki lögð á matvæli og smásöluálagning á kjötvörur verði lækkuð.

Reglugerð landbúnaðarráðherra frá 29. október 1986, um fullvirðisrétt sauðfjárbænda, verði tafarlaust endurskoðuð. Taka ber fullt tillit til aðstæðna og sérstaklega ber að rétta hlut bænda með litla framleiðslu, svo og að hlífa frumbýlingum sem fengið hafa stofnlán og fjárfest hafa á undanförunum árum í samræmi við búmark.

Unnið verði að því að gjörbreyta sölufyrirkomulagi á lamba- og kindakjöti, innan lands og utan, með fjölbreyttari úrvinnslu og umbúðum bæði fyrir neytendur og mótuneyti.

Auðvelda ber nýjum útflutningsaðilum að fást við útflutning á kjöti. Innflutningur á mjólkur- og kjötvörum verði ekki leyfður og eftirlit með ólöglegum innflutningi á landbúnaðarvörum stórhert.

Meðan afkoma bænda er jafnerfið og raun ber vitni verði sjóðagjöld landbúnaðarins lækkuð, m.a. framlög í Stofnlánasjóð.

### G r e i n a r g e r ð .

Ískyggilegt útlit blasir við í landbúnaðarmálum. Neysla lambakjöts hefur dregist saman og kjör bænda hafa verið stórskert. Ljóst er að ríkjandi stefna stjórnvalda í landbúnaðarmálum hefur vaxandi vandamál í för með sér. Fyrirskipuð skerðing á framleiðslurétti bænda kemur afar ójafnt niður og harðast verða þeir úti sem nýlega eru byrjaðir búskap eða hafa verið að breyta um framleiðslu innan búmarksins. Fjöldamargir bændur sjá fram á gjaldþrot.

Undanfarnar vikur hafa bændur efnt til funda um land allt þar sem krafist hefur verið stefnubreytingar af hálfu stjórnvalda. Samt er ekki að sjá að ríkisstjórnin hafi nokkur áform uppi um breytta stefnu og samdráttaraðgerðum er áfram haldið með tilviljunarkenndum árangri og oft hrikalegum afleiðingum.

Nýjasta framlag ríkisstjórnarinnar til hagsmunamála bænda er gróf íhlutun forsætisráðherra, Steingríms Hermannssonar, í ákvörðun vegna launaliðar bænda í verðlagsgrundvelli 1. mars s.l. Þrátt fyrir einróma niðurstöðu sexmannanefndar, bæði af hálfu fulltrúa neytenda og bænda, um áhrif nýgerðra kjarasamninga til hækkunar á launalið bænda krafðist ríkisstjórnin þess að löglegri ákvörðun nefndarinnar yrði frestað. Þó er ljóst að mikill meiri hluti bænda er í hópi lágtekjumanna og í lögum er beinlínis fyrirskipað að launaliður í verðlagsgrundvelli skuli miðaður við almennt kaupgjald. Hér er því gerð enn ein tilraun til að rýra hlut bænda.

Engan þarf að undra þótt bændur hafi þungar áhyggjur af framtíð stéttar sinnar. Svo að dæmi sé tekið úr einróma samþykkt geysifjöldmenns bændafundar í Skagafirði 11. janúar s.l. var vandanum lýst þar með þessum orðum:

„Ljóst er að ef gengið verður áfram jafnhrott í samdrætti sauðfjárframleiðslunnar blasir við byggðabrestur í fjölmörgum sveitum, með ófyrirséðum afleiðingum fyrir landsbyggðina og samfélagið í heild, bæði efnahagslega og félagslega séð.

Nú er ljóst að svo ör samdráttarstefna, sem mörkuð var með nýju búvörulögnum, stenst ekki nema menn ætli vitandi vits að setja heila landshluta í auðn sem á engan hátt var ætlast til við setningu laganna. Því er algjör nauðsyn að staldra nú við, gefa lengri tíma til aðlögunar og nýrrar uppbyggingar. Fimm ár í viðbót er lágmarkstími til frekari aðlögunar.“

Í tillögu þessari, sem flutt er af sex þingmönnum Alþýðubandalagsins, er sérstök áhersla lögð á að mörkuð verði langtímastefna í landbúnaðarmálum er miðuð sé við búvörusamninga til fimm ára og framleiðsluáætlanir er taki mið af landkostum og svæðaskipulagi fyrir byggðirnar í stað hinnar handahófskenndu grisjunar á byggð sem nú virðist ríkjandi stefna.

Hins vegar er það ekki skoðun flutningsmanna þessarar tillögu að vandamálin í landbúnaði verði leyst með nokkrum pennastrikum. Ýmsar aðgerðir stjórnvalda hafa að vísu magnað vandamálin um allan helming, t.d. lækun niðurgreiðslna um tvo þriðju á sama tíma og útflutningsbætur eru lækkaðar verulega. Hækkandi búvöruverð vegna minni niðurgreiðslna og vegna þess að kaupmáttur launa neytenda hefur verið skertur hefur leitt til minnkandi neyslu. En neysluvenjur hafa líka verið að breytast af öðrum ástæðum. Því er nauðsynlegt að leggja áherslu á nýja atvinnuönguleika í sveitum og nýjar búgreinar ásamt stóraukinni ráðgjafarþjónustu, svo og á sem mesta heimaöflun aðfanga í búrekstri. Brýnt er

að staðið sé skipulega að uppbyggingu nýrra búgreina, m.a. loðdýraræktar með tilliti til hagkvæmrar fóðuröflunar.

Ríkjandi stjórnarstefna er afar óhagstæð ungu fólki í sveitum sem er nýbyrjað búskap og hefur þurft að fjárfesta mikið. Ekki er nóg með að vaxtastigið hafi verið spennt upp langt úr hófi fram. Búmark er miskunnarlaust skorið niður, jafnt á litlum búum sem stórum og ekkert tillit tekið til aðstæðna.

Framtíð landbúnaðarins veltur á ungu kynslóðinni og möguleikum hennar til að laga sig að breyttum aðstæðum. Fjármagnsbyrði frumbýlinga verður að gera léttari en jafnframt á að liðka fyrir kynslóðaskiptum með eflingu Jarðasjóðs og með því að skapa möguleika til að lækka lífeyrisaldur bænda í 65 ár eftir 30 ára búskap.

Fé Framleiðnisjóðs hefur að undanfögnu verið beitt til að kaupa upp framleiðslurétt bænda án nokkurs tillits til búskaparaðstöðu á viðkomandi jörð eða aðstæðna í byggðarlöginu. Kemur þetta í kjölfar skömmtnar á framleiðslurétti sem ekki er síður handahófskennd. Flutningsmenn tillögunnar telja að nær væri að nota fé Framleiðnisjóðs á jákvæðan hátt í þágu íslensks landbúnaðar með því að styrkja byggð í sveitum með markvissum hætti. Að því marki, sem réttlætandi er að fækka jörðum í byggð, ber að sjálfsgöðu að auðvelda bændum á jörðum sem verr eru fallnar til búskapar að flytja sig yfir á jarðir með betri búskaparaðstöðu, en að öðru leyti ber að stuðla að breyttum búskaparháttum til samræmis við aðstæður.

Þess vegna hafa Alþýðubandalagsmenn lagt sérstaka áherslu á að gerð verði úttekt á búrekstraraðstöðu um land allt, sbr. tillögu til þingsályktunar á þingskjali 138.

Samdráttur í framleiðslu landbúnaðarins er ekki mál bænda einna. Tugir þéttbýlisstaða um land allt byggja atvinnulíf sitt að verulegu leyti á úrvinnslu búvara. Áframhaldandi samdráttur framleiðslu hefur keðjuverkandi áhrif til hins verra. Því er hér mikið í húfi fyrir þéttbýlisstaði víðs vegar um land sem telja tugþúsundir íbúa.

Auk þess sem að framan greinir er í tillögunni vikið að tveimur yfirvofandi hættum sem steðja að íslenskum landbúnaði.

Annars vegar er um að ræða áform stjórnarflokkanna um virðisaukaskatt sem yrði lagður á búvörur eins og aðrar matvörur, en fæða hvers konar (þó ekki heitur matur) er nú undanþegin söluskatti.

Nú er það báðum mjög til hags, neytendum með lágar tekjur jafnt sem bændum, að matvælum sé hlíft við veltusköttum. Tryggja þarf framhald á þessu.


Hins vegar er sú hugmynd að leyfa innflutning á mjólkur- og kjötvörum frá öðrum löndum. Öflug hreyfing í þessa átt hefur komið í ljós í seinni tíð, ekki síst innan Sjálfstæðisflokksins. Að vísu segir formaður Sjálfstæðisflokksins, Þorsteinn Pálsson, í viðtali við DV þriðjudaginn 3. mars s.l. að tillögur í þessa átt á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 5.–8. mars 1987 séu „ekki tímabærar“. Kosningar nálgast og allur er varinn góður. En tillöguflutningurinn og ummæli formanns flokksins sýna að innflutningur erlendra búvara getur verið talinn „tímabær“ af hægrisinnuðum stjórnvöldum fyrr en nokkurn grunar. Því er löngu tímabært að Alþingi taki af skarið með yfirlýsingu þess efnis að innflutningur á mjólkur- og kjötvörum verði ekki leyfður.

**Fylgiskjal.**

**Um niðurgreiðslur, verðlag og sölumagn landbúnaðarvara.**


Eftirfarandi upplýsingar eru byggðar á svari landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Ragnars Arnalds á Alþingi:

1. MYND ▨ Mjólk - kr./ltr.  
▨ Kindakjöt - kr./kg.




Teikningin sýnir glögg t hvað niðurgreiðslur á mjólk og kjöti hafa dregist mikið saman á seinustu árum miðað við fyrri ár. Tölurnar eru miðaðar við hliðstætt verðlag í samræmi við þróun framfærsluvísitölu.

2. MYND



Teikningin sýnir að verðlag á mjólk og kjöti hefur farið hlutfallslega hækkandi seinustu ár miðað við verðlag í landinu og er því eðlilegt að neysla fari minnkandi. Þetta er heildsöluverð en síðan bætist við stórhækkun smásöluverðs á kjöti, sbr. 4. mynd.


3. MYND



Teikningin sýnir minnkandi sölu kindakjöts. Súlan 1985 er villandi vegna stórfelldrar kjötútsölu á síðari hluta árs 1985 sem síðan olli samdrætti í sölu á fyrri hluta þessa árs.



#### 4. MYND



Á þessu línuriti er verð á heilum skrokkum sett á 100 öll árin. Línuritið sýnir glögg að eftir að álagning í smásölu var gefin frjáls 1984 fór smásöluverð á lærum og kótelettum verulega hækkandi.

Í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Ragnars Arnalds segir m.a.:

„Seinni hluti spurningarinnar fjallar um það hvort það hafi haft áhrif til verðhækkunar kindakjöts, og þá tilsvandi minni heildarsölu, þegar smásöluálagning var gefin frjáls á kindakjöti í stykkjasölu í byrjun árs 1984. Þessari spurningu er erfitt að svara því að litlar upplýsingar eru til um breytingar á hlutfalli einstakra skrokkhluta í sölu milli ára. Jafnframt þyrfti að einangra aðra áhrifaþætti eins og t.d. breytingu í þjóðartekjum á mann og áhrif samkeppnisvöru þannig að það sæist í raun og veru hvers vegna sala kindakjöts hefur minnkað.

Prátt fyrir þessa annmarka vill ráðuneytið koma á framfæri 4. mynd, en í henni eru bornar saman breytingar á smásöluverði kindakjöts í stykkjasölu miðað við smásöluverð kindakjöts í heilum og hálfum skrokkum, en eins og kunnugt er fer verðlagning kindakjöts í heilum og hálfum skrokkum nú fram hjá verðlagsnefnd.

Á 4. mynd má sjá verðhækkunir á kótelettum og lærum frá árinu 1983 hafa orðið töluvert meiri en verðhækkunir á kjöti í heilum og hálfum skrokkum. Sem dæmi hækkadi verð skrokksins um 130% á þessu tímabili. Ef t.d. læri hefði tekið sömu verðbreytingum hefði meðalverð þess á árinu 1986 orðið 252 kr. en ekki 322 kr.

Á það skal ekki lagður dómur hér hvort þessa aukalegu verðhækkun sé hægt að réttlæta með hærra vinnslustigi vörunnar eða meiri gæðum, en það kemur reyndar hvergi fram í upplýsingum Verðlagsstofnunar hvort svo er.“

**Tafla I.**

**Niðurgreitt heildsöluverð  
landbúnaðarvara (meðaltal hvers árs).**

ár	smjör	mjólk	kindakjöt
	kr./kg.	kr./ltr. í pökkum	l. fl. 1/1 akr. kr./kg.
1977	1138.92	76.07	585.08
1978	969.08	122.29	763.58
1979	1651.17	172.41	1070.00
1980	3201.17	306.24	1938.00
1981	55.82	4.72	32.05
1982	67.75	6.32	42.77
1983	153.17	13.10	83.86
1984	213.69	19.12	122.26
1985	313.32	27.73	168.27
1986	252.44	33.25	203.91

Ath.: Frá 1977-80 er um að ræða gkr

**Tafla II.**

**Niðurgreitt heildsöluverð landbúnaðarvara  
(fast verðlag des. 1986, miðað við framfærsluvísitölu).**

ár	smjör	mjólk	kindakjöt
	kr./kg.	kr./ltr. í pökkum	l. fl. 1/1 akr. kr./kg.
1977	346.06	23.11	177.78
1978	204.38	25.79	161.04
1979	239.40	25.00	155.14
1980	292.74	28.00	177.23
1981	338.35	28.63	194.26
1982	271.95	25.36	171.68
1983	333.63	28.54	182.66
1984	360.35	32.23	206.17
1985	399.14	35.32	214.06
1986	266.39	35.09	215.17

**Tafla III.**

**Niðurgreiðslur landbúnaðarafurða  
(meðaltal hvers árs).**

ár	smjör	mjólk	kindakjöt
	kr./kg.	kr./ltr. í pökkum	l. fl. 1/1 akr. kr./kg.
1977	481.33	40.40	151.33
1978	1310.58	61.77	426.25
1979	1887.00	104.50	721.50
1980	2275.08	125.25	773.17
1981	30.12	1.83	9.85
1982	64.01	3.90	21.78
1983	70.72	4.40	25.06
1984	72.86	3.40	21.67
1985	72.86	2.60	26.18
1986	221.52	4.23	38.92

Ath.: Frá 1977-80 er um að ræða gkr. Árin 1977 og 1986 taka bændur þátt í niðurgreiðslum.

**Tafla IV.**

**Niðurgreiðslur landbúnaðarafurða  
(fast verðlag 1. des. 1986, miðað við framfærsluvísitölu).**

ár	smjör	mjólk	kindakjöt
	kr./kg.	kr./ltr. í pökkum	l. fl. 1/1 akr. kr./kg.
1977	146.25	12.28	45.96
1978	276.4	13.03	89.9
1979	273.6	15.15	104.61
1980	208.05	11.45	70.71
1981	182.55	11.08	59.69
1982	256.93	15.66	87.43
1983	154.05	9.58	54.59
1984	122.06	5.73	36.54
1985	92.82	3.31	33.35
1986	233.76	4.47	41.07

Ath.: Til viðbótar þessum niðurgreiðslum hetur áburðarverðni verið haldið niðri með niðurgreiðslum úr ríkissjóði, þ.e. 130 milljónum kr. 1985 og 170 milljónum kr. 1986 Þessar niðurgreiðslur skila sér óbeint til lékkunar á verði til neytenda

**Tafla V.**

**Sala landbúnaðarafurða.**

ár	smjör	mjólk	kindakjöt
	tonn	millj. ltr.	tonn
1977	1,266	42,824	9,022
1978	1,512	45,462	9,845
1979	1,500	45,235	10,423
1980	1,673	45,259	9,918
1981	1,158	45,301	9,731
1982	1,379	46,014	10,916
1983	1,254	46,066	10,734
1984	1,240	44,871	9,739
1985	1,100	45,705	10,025
1986	1,173	46,341	7,879

Ath.: Frá 1981 er smjörhluti smjörva innifalinn og til mjólkur telst nýmjólk, léttmjólk, G-mjólk, surmjólk og G-súkkulaðimjólk.

Tafla VI.

**Meðalsmásoöluverð á dilkakjöti 1976–1986 (verð á kg)  
skv. vísitölu framfærslukostnaðar.**

1976	feb.	maí	agust	nov.	m. verð	Öregið meðalverð
Heilir skrokkar	4.24	5.20	5.49	6.56	5.37	
Sopukjöt	4.87	5.95	6.29	7.29	6.10	
Lari	5.02	6.12	6.47	7.56	6.32	
Kötelettur	5.61	6.80	7.20	8.54	7.04	6.21
1977	feb.	maí	agust	nov.	m. Verð	
Heilir skrokkar	6.96	7.26	6.36	8.24	7.07	
Sopukjöt	7.72	8.09	7.28	9.46	7.96	
Lari	8.10	8.50	7.72	9.98	8.38	
Kötelettur	9.00	9.47	8.78	11.21	9.39	8.20
1978	feb.	maí	agust	nov.	m. Verð	
Heilir skrokkar	9.92	9.09	10.85	9.41	9.72	
Sopukjöt	11.11	10.38	12.29	10.71	11.02	
Lari	11.70	11.25	13.29	11.87	11.87	
Kötelettur	13.10	12.72	14.97	13.14	13.32	11.48
1979	feb.	maí	agust	nov.	m. verð	
Heilir skrokkar	8.32	9.17	12.31	16.09	10.92	
Sopukjöt	9.74	10.69	14.08	18.06	12.53	
Lari	11.50	12.56	16.23	20.51	14.48	
Kötelettur	12.88	14.02	17.90	22.42	16.03	13.49
1980	feb.	maí	agust	nov.	m. Verð	
Heilir skrokkar	18.09	19.49	19.47	24.24	19.64	
Sopukjöt	20.06	21.79	22.05	25.82	21.78	
Lari	22.51	24.64	25.21	31.33	25.10	
Kötelettur	24.42	26.86	27.66	34.51	27.36	23.47
1981	feb.	maí	agust	nov.	m. verð	
Heilir skrokkar	28.55	30.30	35.35	41.05	32.41	
Sopukjöt	30.40	32.15	37.05	43.45	34.29	
Lari	37.20	38.95	44.90	52.00	41.58	
Kötelettur	40.25	42.00	48.40	55.85	44.85	39.28
1982	feb.	maí	agust	nov.	m. Verð	
Heilir skrokkar	40.85	37.35	45.70	57.35	43.44	
Sopukjöt	42.90	39.65	46.15	60.25	45.84	
Lari	52.20	49.70	56.90	72.90	56.18	
Kötelettur	56.35	54.20	61.70	78.60	60.82	51.57
1983	feb.	maí	agust	nov.	m. Verð	
Heilir skrokkar	66.20	81.65	101.25	116.45	86.50	
Sopukjöt	69.80	86.10	106.25	122.10	90.91	
Lari	85.00	101.15	127.30	145.50	109.44	
Kötelettur	91.80	112.30	136.75	155.95	117.75	101.15
1984	feb.	maí	agust	nov.	m. Verð	
Heilir skrokkar	116.45	122.95	137.65	146.27	128.35	
Sopukjöt	122.10	128.56	139.06	144.87	131.75	
Lari	145.50	166.30	205.81	222.28	178.57	
Kötelettur	155.95	169.09	196.08	207.30	177.83	154.12
1985	feb.	maí	agust	nov.	m. Verð	
Heilir skrokkar	158.45	172.22	187.13	167.08	169.49	
Sopukjöt	161.13	170.90	187.95	176.50	171.48	
Lari	250.36	277.31	313.85	254.45	272.98	
Kötelettur	227.59	246.96	272.84	242.86	244.55	214.62
1986	feb.	maí	agust	nov.	m. Verð	
Heilir skrokkar	191.70	220.13	182.40	223.10	199.66	
Sopukjöt	210.92	239.25	208.24	267.73	223.85	
Lari	354.44	380.60	278.00	335.53	321.22	
Kötelettur	348.56	345.43	278.38	324.43	317.43	265.54

**Meðalsmásoöluverð á mjólk og smjöri  
1976–1986 (verð á kg eða itr)  
skv. vísitölu framfærslukostnaðar.**

MJOLK					m. Verð
február	maí	agust	november	ársins	
1976	0.41	0.55	0.61	0.69	0.57
1977	0.75	0.79	0.76	0.92	0.79
1978	1.14	1.31	1.55	1.43	1.32
1979	1.35	1.52	2.00	2.54	1.76
1980	2.81	3.13	3.29	3.53	3.11
1981	4.25	4.45	5.40	5.85	4.79
1982	5.70	5.65	6.65	8.35	6.38
1983	9.70	12.55	16.45	17.10	13.22
1984	17.10	18.70	22.30	23.10	19.89
1985	26.50	28.60	30.90	33.30	28.98
1986	35.40	35.40	36.20	37.50	35.78
SMJOR					m. Verð
február	maí	agust	november	ársins	
1976	6.12	8.15	8.92	10.12	8.33
1977	10.92	11.71	10.95	13.42	11.48
1978	8.80	8.80	22.40	12.74	13.24
1979	11.50	13.70	18.10	25.06	16.06
1980	28.70	31.88	32.66	20.00	29.73
1981	46.60	49.00	63.60	70.25	53.18
1982	56.50	57.30	71.10	90.70	67.20
1983	108.95	144.40	192.70	200.40	152.72
1984	200.40	219.50	239.70	250.30	223.32
1985	291.50	319.00	349.00	360.70	324.16
1986	410.20	275.00	233.90	232.00	109.11